

Mál nr. 305/2018**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar ökumanns fyrir ökutækið A****Ágreiningur um sakarskiptingu.****Gögn.**

Málskot, dags. 09.10.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 28.09.2018.

Málsatvik.

Málavextir voru þeir að M var ökumaður flutningabifreiðarinnar A sem fór út af veginum á Klettshálsi á Vestfjarðarvegi 19. apríl 2017 með þeim afleiðingum að hún valt. M hefur í kjölfarið glímt við alvarlegar afleiðingar slyssins. M var ökumaður í afleysingum fyrir fyrirtækið X sem á ökutækið A. Athugasemdir voru gerðar við hemla A við aðalskoðun þess í mars 2017. Auk þess hafa komið fram athugasemdir við dekk A. Í kæru M kemur fram að hann hafi ekki verið upplýstur um ástand A en hafi treyst því að það væri öruggt að aka því. Hann hafi talið dekk A almennt í lagi með hliðsjón af þeim veðuraðstæðum sem voru þegar hann tók við akstrinum. Áður en A fór út af veginum hafi aðstæður verið orðnar erfiðar, hálka á veginum og skyggni lélegt og hafi bremsurnar læstst þegar M reyndi að stöðva A. M telur að V beri að greiða honum fullar skaðabætur vegna slyssins þar sem M hafi mátt treysta því að A væri í því ástandi að öruggt væri að aka því.

V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda slyssins og vill skerða bætur um helming. M hafi ekki gætt að því að A væri í ökuhæfu ástandi við aksturinn, sbr. 3. mgr. 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Fyrir liggja myndir af dekkjum A sem séu skýrar og sýni að mynstur þeirra er horfið á ákveðnum stöðum. Þeir hafi því ekki staðist kröfur reglugerðar nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja. Þá hafi hraði A mælst 50 km á klst. um 15 sekúndum áður en það fór út af veginum. Skoða þurfi þætti málsins heildstætt og saman leiði þeir til þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Álit.

Þrátt fyrir að M hafi ekki haft vitneskju um að hemlum A hafi verið ábótavant liggur fyrir að hann bar ábyrgð á því að kanna ástand ökutækisins áður en hann lagði af stað, sbr. 3. mgr. 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Myndir af hjólbörðum A liggja fyrir í málinu og sýna þær að ástand þeirra var verulega ábótavant. Með vísan til þess og atvika málsins í heild sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi. Þykir rétt að M beri ¼ hluta tjóns síns sjálfur en fái tjónið bætt að ¾ hlutum úr slysáttryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að ¾ hlutum úr slysáttryggingu ökumanns fyrir ökutækið A hjá V.

Reykjavík, 20. nóvember 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon, lögfr.